# ÁRSSKÝRSLA 2019



# Efnisyfirlit


| | |
|---|---|
| Stjórn Strætó | 4 |
| Ávarp stjórnarformanns | 6 |
| Skipurit Strætó | 8 |
| Yfirlit yfir framkvæmdastjórn og hlutverk þeirra | 9 |
| Ávarp framkvæmdastjóra | 10 |
| Mannauðssvið | 12 |
| Sala | 18 |
| Leiðakerfið | 22 |
| Grænt bókhald | 28 |
| Umhverfis og öryggismál (Öryggisskýrsla) | 36 |
| Ársreikningur | 44 |


© STRÆTÓ bs.
Hesthálsi 14
109 Reykjavík
Sími: 540-2700
www.straeto.is

**Myndir**: Kamilla Dögg Guðmundsdóttir
**Hönnun og umbrot:** TVIST auglýsingastofa

## Stjórn Strætó



**Björg Fenger**
Stjórnarformaður – Garðabær



**Hjálmar Sveinsson**
Varaformaður – Reykjavík



**Sigrún Edda Jónsdóttir**
Seltjarnarnes



**Helga Ingólfsdóttir**
Hafnarfjörður



**Karen Halldórsdóttir**
Kópavogur



**Ásgeir Sveinsson**
Mosfellsbær

## Ávarp stjórnarformanns



**Björg Fenger,** stjórnarformaður Strætó

Á árinu 2019 undirrituðu ríkið og sveitarfélögin sex, sem standa að Strætó bs., tímamótasamkomulag um metnaðarfulla uppbyggingu á samgönguinnviðum og almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu. Í ljósi samkomulagsins, breytinga á ferðavenjum og þróunar í almenningssamgöngum er mikilvægt að stefna og sýn Strætó sé skýr.

# Horfa þarf til framtíðar og tryggja eins og kostur er að Strætó sé tilbúið til að takast á við þær breytingar sem verða á næstu árum.

### Stefnumótun

Á árinu var unnið að stefnumótun fyrir Strætó til næstu 15 ára með það að markmiði að Strætó verði mikilvægasti hlekkurinn í samgöngukeðju höfuðborgarsvæðisins. Skerpt var á hlutverki félagsins þar sem áhersla á þjónustuhlutverk þess var sett í forgrunn. Í kjölfar stefnumótunarvinnunnar er framtíðarsýnin sú að Strætó sé fyrsti valkostur íbúa höfuðborgarsvæðisins í og úr vinnu eða skóla. Strætó sé öflugt þekkingarfyrirtæki, hafi yfir að ráða kolefnalausum vagnaflota og síðast en ekki síst sé eftirsóknarverður vinnustaður.

### Nýtt leiðanet Strætó

Árið 2019 setti Strætó á laggirnar faghóp um leiðakerfismál. Faghópinum var ætlað að tryggja samvinnu allra þeirra sem koma að almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu og skila af sér fyrstu hugmyndum af nýju leiðaneti. Í tillögunum er leiðanet Strætó aðlagað að fyrirhugaðri Borgarlínu til að tryggja að innviðir séu nýttir sem best og að almenningssamgöngukerfið á höfuðborgarsvæðinu virki sem ein heild.

Við vinnuna á hinu nýja leiðaneti var horft til þess hvar fjöldi mögulegra farþega væri mestur. Slík gagnaöflun er nauðsynleg til að ná markmiðinu um að almenningssamgöngur dragi úr umferð og þar með þörf á einkabílum sem leiðir til jákvæðra áhrifa á umhverfi og loftgæði.

Miðað við fyrstu hugmyndir að nýju leiðaneti munu meira en tvöfalt fleiri íbúar höfuðborgarsvæðisins búa í innan við 400 metra fjarlægð frá stoppistöð leiða sem aka á að minnsta kosti 10 mínútna fresti, eða 64% íbúa í stað 26% í núverandi leiðaneti. Þessar hugmyndir samræmast markmiðum og aðgerðum svæðisskipulagsins til ársins 2040 um að auka hlutdeild almenningssamgangna í öllum ferðum á höfuðborgarsvæðinu.

### Rafrænt greiðslukerfi

Á árinu var samþykkt tilboð í nýtt rafrænt greiðslukerfi fyrir Strætó. Með innleiðingu á nýju greiðslukerfi er verið að styðja við framsýnan og tæknivæddan hugsunarhátt í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu.

Í nýju greiðslukerfi skannar farþegi sig inn með korti eða smáforriti og verður öll meðhöndlun greiðslna einfaldari og öruggari. Unnt verður að fá betri upplýsingar um notkun viðskiptavina og þannig aðlaga þjónustuna enn betur að eftirspurn. Unnið er að innleiðingu greiðslukerfisins en ætlunin er að taka það í notkun fyrir lok árs 2020.

Samhliða innleiðingu á nýju greiðslukerfi hefur verið unnið að mótun nýrrar fargjaldastefnu. Markmið nýrrar fargjaldastefnu er að gera fargjöld einföld og auðskilin þannig að viðskiptavinir Strætó geti á auðveldan og aðgengilegan hátt fundið það fargjald sem hentar þeirra ferðamynstri og notkun.

Við hjá Strætó horfum bjartsýn fram á veginn og hlökkum til að takast á við þau verkefni og áskoranir sem framundan eru. Við erum sannfærð um að sú vinna sem farið var í á árinu geri Strætó enn betur í stakk búið til að vera leiðandi í umræðu og þróun almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu enda býr mikil þekking og reynsla innan félagsins.

Við teljum að á næstu árum verði Strætó enn mikilvægri hlekkur í samgöngukeðjunni og „Besta leiðin“ fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins til að komast ferða sinna á umhverfisvænan, fljótlegan og öruggan hátt.

## Skipurit Strætó






## Framkvæmdastjórn og hlutverk þeirra

**Framkvæmdastjóri** ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana og stefnu stjórnar. Framkvæmdastjóri veitir einnig leiðakerfi og skipulagssviði forstöðu. Fjármál og rekstur ber ábyrgð á fjármálum og bókhaldi, markaðs- og sölumálum og upplýsingatækni.

**Farþegaþjónusta** annast rekstur Akstursþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra. Sviðið sér einnig um þjónustuver og flotastýringu.

**Mannauðs- og gæðasvið** sér um ráðningu starfsfólks og sinnir málefnum þess. Gæðamál, verkferlar og verkefnastjórnun tilheyra einnig þessu sviði.

**Rekstrarsvið** ber ábyrgð á eigin akstri Strætó, verkstæðis, þvottastöðvar og lagers.



**Jóhannes S. Rúnarsson**
Framkvæmdastjóri



**Erlendur Pálsson**
Sviðsstjóri farþegaþjónustu



**Sigríður Harðardóttir**
Sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs



**Ingvar J. Hjaltalín**
Sviðsstjóri rekstrarsviðs

## Ávarp framkvæmdastjóra



**Jóhannes S. Rúnarsson,** framkvæmdastjóri Strætó

**Árið 2019 var viðburðarríkt hjá Strætó.** Farþegum fjölgaði um tæp 7% árinu og fargjaldatekjur hafa aldrei verið hærri. Framkvæmdir NLSH við Gömlu Hringbraut kölluðu á miklar breytingar á leiðakerfinu og fyrsta hugmynd að nýju leiðaneti leit dagsins ljós. Strætó heldur áfram að gegna forystuhlutverki í umhverfismálum og kaup á nýju rafrænu greiðslukerfi voru staðfest.

**Rekstrarniðurstaða 2019**

Rekstur ársins 2019 var að mestu í samræmi við fjárhagsáætlun. Olíuverð hækkaði fyrri hluta árs sem hafði neikvæð áhrif á afkomu. Þessar hækkanir gengu að einhverju leyti til baka seinni hluta árs.

Farþegatekjur hafa aldrei verið meiri hjá Strætó en farþegum fjölgaði um tæp 7% á árinu. Tap varð á rekstri Strætó upp á um 38 mkr. en gert hafði verið ráð fyrir hagnaði upp á 10 mkr.

**Nýtt leiðanet**

Í byrjun árs voru gerðar umfangsmiklar breytingar á leiðakerfi Strætó vegna framkvæmda NLSH við Gömlu Hringbraut. Sérstakur Strætóvegur var lagður milli Vatnsmýrarvegs og Gömlu Hringbrautar og tvær leiðir Strætó hófu akstur um Barónsstíg. Gert er ráð fyrir því að þessar breytingar verði í gildi yfir næstu sex ár á meðan á framkvæmdum við Nýja Landspítalann standa yfir.

Árið 2019 voru kynntar fyrstu hugmyndir að Nýju leiðaneti; en markmið þess er að aðlaga leiðakerfi Strætó að Borgarlínu. Verkefnið var unnið af faghópi um leiðakerfismál sem í sitja fulltrúar allrar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, fulltrúum ríkisins, verkefnateymi Borgarlínu og fulltrúum viðskiptavina. Samráð var haft við viðskiptavini, haldnir opnir samráðsfundir og viðskiptavinir sendu inn ábendingar. Stefnt er að því að ljúka yfirferð ábendinga snemma árs 2020 og hafa aftur samráð við viðskiptavini að því loknu.

**Besta leiðin fyrir umhverfið og andrúmsloftið**

Rekstur rafvagna gengur vel og spara þeir umtalsverða fjármuni í rekstri Strætó, ásamt því að losun á gróðurhúsaloftegundum hefur minnkað talsvert samhliða notkun þeirra. Hafinn var undirbúningur á uppsetningu á hraðhleðslustöð í Spöng og stefnt er að því að hún verði tekin í notkun á vormánuðum 2020.

Síðari hluta árs fjárfesti Strætó í tveimur metanvögnum og er markmiðið að kanna hvernig nýjasta tækni í metan kemur til með reynast rekstrarlega fyrir Strætó. Markmið Strætó er að halda áfram á þeirri vegferð og fjárfesta aðeins í vistvænum vögnum og stefna að kolefnislausum flota árið 2030.

Árið 2019 leiddi Strætó markaðs- og lýðheilsusátakið „Gráir dagar". Styrkur svifryks- og loftmengunar hefur aukist á höfuðborgarsvæðinu síðastliðin ár með auknum umferðarþunga. Hingað til hafa yfirvöld aðeins getað beint tilmælum til fólks að varast það að fara út þegar loftgæði eru slæm, þá sérstaklega fólk með undirliggjandi lungnasjúkdóma eða heilsubrest. Þá eru fjölmörg dæmi um það að leikskólar geti ekki sent börn í útiveru vegna þess að loftgæði eru slæm. Markmið Strætó var að taka forystu í umræðu um loftgæði, auka skilning almennings á slæmum loftgæðum og ýta undir notkun vistvænna samgöngumáta á dögum þar sem loftmengun fer yfir heilsuverndarmörk.

Strætó mótaði hugtakið „Gráir dagar" sem regnhlífarhugtak fyrir ástand þar sem loftmengun fer yfir heilsuverndarmörk og gaf frían dagspassa í Strætóappinu á gráum degi 8.apríl 2019. Herferðin gekk vel og meira en 5.500 manns nýttu sér fría dagspassann og 1.800 nýir notendur sóttu Strætó appið.

**Þjónusta**

Nýtt greiðslukerfi var keypt undir lok árs 2019 eftir útboð. Með kaupum á rafrænu greiðslukerfi færast allir greiðslumátar Strætó inn í nútímann og er gert ráð fyrir því að þegar kerfið verði að fullu innleitt geti það ráðið við alla þá greiðslumáta sem tíðkast í nútímasamfélagi, sem verður til mikilla hagsbóta fyrir alla viðskiptavini Strætó.

Gert er ráð fyrir því að fyrsti áfangi verði tekinn í notkun seint á árinu 2020. Unnið hefur verið að því að setja upp upplýsingaskilti fyrir viðskiptavini Strætó og er gert ráð fyrir að þau verði komin upp í vor.

Jafnframt hefur verið unnið að því að koma rauntímaupplýsingum í stræótskýlum. Öll þessi verkefni miða að því að hafa viðskiptavininn í fyrirrúmi og auðvelda honum að velja almenningssamgöngur sem fyrsta val.



## Mannauður

Fjöldi starfsmanna helst nokkurn veginn sá sami á milli ára. Alls starfa 277 starfsmenn hjá Strætó, **61 kona og 216 karlar**. Konum hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin misseri enda leggur Strætó aukna áherslu á jafnréttismál.

**Strætó hlaut jafnlaunavottun í október 2019.**

### Kynjahlutfall framkvæmdastjórn




### Kynjahlutfall starfsmanna




### Fjöldi starfsmanna




***Framkvæmdastjórn Strætó** samanstendur af fjórum einstaklingum, þremur körlum og einni konu.

## Íslenska að leiðandi tungumáli

**Hlutfall starfsmanna af erlendum uppruna hefur aukist um 9% á milli ára, árið 2018 var hlutfallið 29% en árið 2019 var hlutfallið 38%.**

Flestir starfsmenn tala íslensku en þeim sem tala ensku er boðið upp á íslenskukennslu. Í lok árs 2019 voru 30 starfsmenn bæði búnir að ljúka íslenskustigi eitt og tvö á vegum Strætó og þrír að ljúka við fyrsta stig.

**Markmið Strætó er að gera íslensku að leiðandi tungumáli.**

Af starfsmönnum Strætó tala 80% íslensku, 12% tala ensku/annað mál en eru í íslenskunámi og 8% tala ensku/annað mál. Flestir erlendir starfsmenn sem ráðnir voru á síðasta ári (um 8%) hafa nú farið í stöðumat og mun í kjölfarið verða boðið á næstu námskeið sem hentar þeirra kunnáttustigi.




## Starfsmannavelta

Heildarstarfsmannavelta hefur minnkað töluvert á milli ára.

Árið 2018 var hún 24%, árið 2019 minnkaði hún niður í 12%.






# Fræðslustundir 2015–2019

Fræðslustundir hafa aukist töluvert undanfarin ár. Þar hefur reglugerð um endurmenntun atvinnubílstjóra frá árinu 2015 mest áhrif auk þess sem vaxandi endurmenntun er innan annarra deilda.

Allir vagnstjórar hafa nú lokið þeirri endurmenntun sem ljúka þurfti fyrir september 2018. Það skýrir að mestu fjölgun fræðslustunda á milli áranna 2015 og 2018. Árið 2019 tók við nýtt fimm ára tímabil endurmenntunar sem dreifir fræðslustundum á lengra tímabil en áður var og skýrir það fækkun fræðslustunda á milli 2018 og 2019.

Haustið 2018 fékk Strætó leyfi Samgöngustofu til þess að halda eigin námskeið samkvæmt reglugerðinni um endurmenntun atvinnubílstjóra. Þannig verður unnt að aðlaga endurmenntunina ennfrekar að starfsemi Strætó.



## Meðmælaskor starfsmanna (NPS)

Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir mæla með því við aðra að sækja um starf hjá Strætó?




Meðmælaskor starfsmanna er mælt árlega. Hlutfall þeirra starfsmanna sem mæla með, eru hlutlausir eða mæla gegn því að sækja um starf hjá Strætó hefur jafnast talsvert út á tímabilinu.

## Umsóknir um íþróttastyrk




Á milli ára hefur starfsmönnum fjölgað sem sótt hafa um íþróttastyrk.

## Þróun starfsánægju




Starfsánægja hefur verið mæld reglulega frá árinu 2015.

Starfsánægja hefur aukist jafnt og þétt þrátt fyrir örlitla niðursveiflu 2018 en stígur aftur upp árið 2019.



## Erlend kort í appi

Hlutfall erlendra númera í appinu hækkaði í heildina yfir árið 2019. Þessi þróun á sér stað samhliða almennri aukningu á sölu í appinu og þrátt fyrir u.þ.b. 14% fækkun ferðamanna árið 2019 samanborið við árið á undan.

## Hlutfall erlendra númera í appinu




**14,95%**

**Hlutfall erlendra korta**

árið 2019

## Skipting greiðslumiðla

Stafræn þróun fargjaldaskiptingar árið 2019 var nokkuð í takt við árin á undan, þar sem hlutfall appsins hefur vaxið stöðugt á kostnað annara greiðslumáta.

Árið 2019 var hlutfall appsins sem greiðslumáta 46% samanborið við 40% árið á undan. Þá hafa allir vöruliðir innan appsins vaxið milli ára.

## Fargjaldaskipting milli ára




## Fargjaldaskipting 2019

## Fargjaldaskipting innan appsins






# 16%

**söluaukning 6 mánaða nemakorta**
á árinu 2019





## Nemakort

### Vinsældir 6 mánaða nemakorta héldu áfram að aukast.

Sala á nemakortum fyrir 18 ára og eldri jókst annað árið í röð eftir minnkun tvö ár þar á undan. Ber þar helst að nefna vaxandi vinsældir 6 mánaða nemakorta sem fyrst var boðið upp á árið 2018, en sala þeirra jókst um 16% milli áraranna 2018 og 2019.

### Sala nemakorta 18+





## Leiðakerfið 2019




### 20 stærstu stoppistöðvarnar

Mest notuðu stoppistöðvar höfuðborgarsvæðisins árið 2019.

| | Stoppistöð | Innstig og útstig* |
|---|---|---|
| 1 | Mjódd | 8431 |
| 2 | Hlemmur | 7212 |
| 3 | Hamraborg | 4172 |
| 4 | Ártún | 3566 |
| 5 | Lækjartorg / MR | 2907 |
| 6 | Fjörður | 2336 |
| 7 | BSÍ / Landspítalinn | 1715 |
| 8 | Háskóli Íslands | 1681 |
| 9 | Smáralind | 1341 |
| 10 | Kringlan | 1150 |
| 11 | Kringlumýrarbraut / Kringlan | 923 |
| 12 | Hlíðar | 922 |
| 13 | Skeifan | 866 |
| 14 | Verzló / Borgarleikhús | 825 |
| 15 | Spöngin | 814 |
| 16 | Ásgarður | 758 |
| 17 | Gerði | 741 |
| 18 | Ráðhúsið | 721 |
| 19 | Hafnarfjarðarvegur / Ásgarður | 683 |
| 20 | Harpa | 620 |

*Inn- og útstig á dag, virkir dagar í október 2019




## Fjöldi innstiga á leiðum á höfuðborgarsvæðinu árið 2019
(Án næturleiða)

**Leiðir höfuðborgarsvæðisins**
Strætóleiðir höfuðborgarsvæðisins flokkaðar eftir heildarfjölda innstiga árið 2019.

Sem fyrr er leið 1 mest notaða strætóleið höfuðborgarsvæðisins. Leið 6 kemur þar á eftir og fylgja leiðir 12, 3 og 4 henni fast á eftir.



## Fjöldi innstiga á tímum dags
í október 2019




## Fjöldi innstiga á mánuði
á höfuðborgarsvæðinu 2019






Rósa Guðmundsdóttir










# Grænt bókhald

Strætó leggur áherslu á að lágmarka neikvæð áhrif vagnaflotans á umhverfið og árlega eru sett fram markmið í málaflokknum. Nánar er hægt að lesa um stefnur Strætó á heimasíðunni, **strætó.is**.

Vert er að benda á að tölur í umfjölluninni um grænt bókhald eiga aðeins við um eigin akstur Strætó, en á blaðsíðu 31 má finna upplýsingar um akstur verktaka, þ.e. vegalengdir og olíunotkun.

Vagnaflotinn sem rekinn er af Strætó samanstendur af 85 vögnum, 68 dísel vögnum, 2 metanvögnum og 15 rafmagnsvögnum. Vagnafloti verktaka eru 77 vagnar, 48 vagnar eru reknir af Kynnisferðum og 29 af Hagvögnum.



**Nokkrir áhersluþættir Strætó í umhverfis- og öryggismálum:**

→ Að móta og skapa öryggismenningu sem nær til allra starfsmanna Strætó

→ Að innleiða notkun á vistvænum orkugjöfum eða orkutækni

→ Að aukinn verði hlutur úrgangs sem fer til endurvinnslu og endurnýtingar

→ Að taka tillit til umhverfissjónarmiða við innkaup á vörum og þjónustu og að innleiða vistvæn innkaup

→ Að upplýsa almenning um ávinning almenningssamgangna og stuðla þannig að aukinni notkun þeirra

→ Fræðsla, þjálfun og endurmenntun starfsmanna taki mið af áherslum umhverfis- og öryggismála

→ Að sömu kröfur séu gerðar til allra verktaka og þjónustuaðila Strætó

# Eldsneytisnotkun og losun gróðurhúsalofttegunda

| Eldsneyti | Heildarnotkun | Fjöldi vagna | Notkun á vagn | Eknir km | Notkun á 100 km | Tonn $CO_2$ ígildi | Losun $CO_2$ g/km |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2016 | | | | | | | |
| Dísel (L) | 2.391.062 | 90 | 26.567 | 5.770.437 | 41,4 | 5.735 | 994 |
| Metan (Nm³) | 38.617 | 2 | 19.309 | 54.398 | 71,0 | (72)* | (1.328)* |
| Samtals | | 92 | | 5.824.835 | | | |
| 2017 | | | | | | | |
| Dísel (L) | 2.303.337 | 87 | 26.475 | 5.478.924 | 42,0 | 5.525 | 1.008 |
| Metan (Nm³) | 32.055 | 2 | 16.028 | 60.335 | 53,1 | (60)* | (994)* |
| Samtals | | 89 | | 5.539.259 | | | |
| 2018 | | | | | | | |
| Dísel (L) | 2.111.299 | 78 | 27.068 | 5.286.130 | 39,9 | 5.064 | 958 |
| Metan (Nm³) | 36.869 | 2 | 18.435 | 60.489 | 61,0 | (69)* | (1.140)* |
| Rafmagn (kWh) | 352.019 | 14 | 25.144 | 293.466 | 120,0 | - | - |
| Samtals | | 94 | | 5.640.085 | | | |
| 2019 | | | | | | | |
| Dísel (L) | 1.859.483 | 68 | 27.345 | 4.197.810 | 44,3 | 4.460 | 1.062 |
| Metan (Nm³) | 26.053 | 2 | 13.027 | 40.320 | 64,6 | (49)* | (1.208)* |
| Rafmagn (kWh) | 1.305.030 | 15 | 87.002 | 1.111.137 | 117,4 | - | - |
| Samtals | | 85 | | 5.349.267 | | | |

* $CO_2$ sem verður til við bruna á metani í stað jarðefnaeldsneytis eykur ekki magn gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu

Eitt af markmiðum Strætó er að innleiða notkun á vistvænum orkugjöfum. Hlutfall vistvænna ekinna kílómetra hefur verið að aukast og var 22% árið 2019.

# Akstursaðilar

Taflan sýnir heildarolíunotkun og heildarakstur vagna hjá öðrum akstursaðilum sem aka á höfuðborgarsvæðinu á vegum Strætó.

| Akstursaðilar | Heildarolíu-notkun lítrar | Fjöldi vagna | Notkun á vagn | Eknir km | Notkun á 100 km |
|---|---|---|---|---|---|
| Hagvagnar | 627.880 | 29 | 21.651 | 1.443.010 | 43,5 |
| Kynnisferðir | 1.421.288 | 48 | 29.610 | 3.644.328 | 39,0 |
| Samtals | 2.049.168 | 77 | 26.613 | 5.087.338 | 40,3 |

# Euro staðlar vagnflotans

Vagnar sem falla undir hæstu staðlatölu Euro staðalsins, eða Euro 6 voru á síðasta ári 49, 15 rafmagnsvagnar og 34 díselvagnar. Því hærri sem staðlatalan er því betri teljast mengunarvarnir vagnanna og vænni kostur fyrir umhverfið. Vögnum fækkaði um tvo í Euro 4 flokknum, sex í Euro 3 flokknum og fimm í Euro 2 flokknum.

| *Euro staðlar | Vagnar 2016 | Vagnar 2017 | Vagnar 2018 | Vagnar 2019 |
|---|---|---|---|---|
| 6 - Rafmagns | 0 | 0 | 14 | 15* |
| 6 | 28 | 29 | 31 | 34* |
| 5 | 14 | 14 | 14 | 14 |
| 4 | 7 | 5 | 2 | 0 |
| 3 | 24 | 23 | 19 | 13 |
| 2 | 19 | 18 | 14 | 9 |
| 1 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Samtals: | 92 | 89 | 94 | 85 |

* Í þessum tölum eru þrír vagnar sem Strætó bs. er að leigja: Einn rafvagn og tveir díselvagnar.

# Úrgangur

Hjá Strætó bs. er leitast við að lágmarka úrgang eins og kostur er. Niðurstöður ársins 2019 sýna að magn blandaðs úrgangs hefur minnkað og hlutfall úrgangs sem fer til endurvinnslu heldur áfram að aukast sem verður að teljast ágætis árangur.

## Flokkun úrgangur




| | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|
| Til urðunar | 29.548 | 27.001 | 27.147 | 18.970 |
| Til endurvinnslu | 28.153 | 18.473 | 42.028 | 44.610 |

| | | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|
| Blandaður úrgangur | kg | 29.548 | 27.001 | 27.147 | 18.970 |
| **Til urðunar samtals** | **kg** | **29.548** | **27.001** | **27.147** | **18.970** |
| Úrgangur til endurvinnslu | | | | | |
| Garðaúrgangur | kg | 0 | 0 | 280 | 0 |
| Málmar/brotajárn | kg | 12.720 | 12.380 | 19.820 | 20.080 |
| Timbur | kg | 2.400 | 1.280 | 3.280 | 5.500 |
| Annað (plast, pappír, dagblöð/tímarit) | kg | 2.093 | 1.438 | 8.468 | 7.920 |
| Hjólbarðar | kg | 10.940 | 3.375 | 10.180 | 11.110 |
| **Til endurvinnslu samtals** | **kg** | **28.153** | **18.473** | **42.028** | **44.610** |
| Spilliefni | | | | | |
| Olía og olíumengað í fljótandi formi | L | 11.315 | 13.900 | 17.139 | 11.051 |
| Olía og olíumengað í föstu formi | kg | 518 | 1.323 | 853 | 481 |
| Rafgeymar og rafhlöður | kg | 2.076 | 3.239 | 4.589 | 3.609 |
| Prenthylki | kg | 15 | 3 | 0 | 35 |
| Raftæki | kg | 418 | 449 | 984 | 1.460 |
| Perur/flúrperur | kg | 14 | 8 | 41 | 38 |
| Málning | kg | 0 | 0 | 296 | 0 |
| **Spilliefni samtals:** | **L** | **11.315** | **13.900** | **17.139** | **11.051** |
| **Spilliefni samtals:** | **kg** | **3.041** | **5.022** | **6.763** | **5.623** |

## Efnanotkun

Strætó leitast við að minnka efnanotkun. Frá árinu 2014 hefur efnanotkun minnkað, árið 2017 skar sig þó úr og hækkuðu allar tölur í þessum málaflokk.

Árið 2018 náðist betri árangur og lækkaði t.a.m. magn smurolíu og tjöruhreinsi og var lægra en fyrir hækkun ársins 2017. Árið 2019 var notað svipað magn af smurolíu og árið á undan, magn þvottaefnis lækkaði en annað hækkaði milli ára.

| | Einingar | 2016 | Á vagn á ári | 2017 | Á vagn á ári | 2018 | Á vagn á ári | 2019 | Á vagn á ári |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Forsendur** | | | | | | | | | |
| Vagnafjöldi | | 92 | | 89 | | 94 | | 85 | |
| Eknir km: | km | 5.824.835 | | 5.539.259 | | 5.640.085 | | 5.349.267 | |
| **Smurolía** | | | | | | | | | |
| Verkstæði | L | 4.925 | 53,5 | 6.680 | 75,1 | 4.165 | 44,3 | 5.668 | 66,7 |
| Þvottastöð ábætt | L | 2.568 | 27,9 | 2.783 | 31,3 | 3.158 | 33,6 | 1.682 | 19,8 |
| Samtals: | L | 7.493 | 81,4 | 9.463 | 106,3 | 7.323 | 77,9 | 7.350 | 86,5 |
| Lítrar per 100 km | | 0,13 | | 0,17 | | 0,13 | | 0,14 | |
| **Önnur efni** | | | | | | | | | |
| Tjöruhreinsir | L | 8.000 | 87,0 | 9.600 | 107,9 | 7.400 | 78,7 | 8.000 | 94,1 |
| Þvottaefni | L | 1.680 | 18,3 | 2.040 | 22,9 | 6.030 | 64,1 | 4.460 | 52,5 |
| Frostlögur | L | 4.160 | 45,2 | 5.598 | 62,9 | 5.191 | 55,2 | 5.692 | 67,0 |
| **Hjólbarðar** | | | | | | | | | |
| Sólaðir | stk | 280 | | 314 | | 264 | | 298 | |
| Nýir | stk | 145 | | 146 | | 228 | | 110 | |
| Fjöldi alls: | stk | 425 | | 460 | | 492 | | 408 | |
| Fj.per 100 km | stk /100 km | 0,007 | | 0,008 | | 0,009 | | 0,008 | |

## Orku- og vatnsnotkun

| | Einingar | 2016 Heildarnotkun | Á vagn á ári | 2017 Heildarnotkun | Á vagn á ári | 2018 Heildarnotkun | Á vagn á ári | 2019 Heildarnotkun | Á vagn á ári |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Þvottastöð** | | | | | | | | | |
| Rafmagn | kWh | 164.080 | 1.783 | 167.360 | 1.880 | 154.440 | 1.643 | 139.320 | 1.639 |
| Heitt vatn | m³ | 12.242 | 133 | 16.206 | 182 | 18.684 | 199 | 13.528 | 159 |
| Kalt vatn | m³ | 8.084 | 88 | 8.323 | 94 | 7.714 | 82 | 7.612 | 90 |
| **Aðalhús** | | | | | | | | | |
| Rafmagn | kWh | 665.923 | 7.238 | 626.278 | 7.037 | 647.550 | 6.889 | 602.010 | 7.082 |
| Heitt vatn | m³ | 58.851 | 640 | 49.869 | 560 | 13.880 | 148 | 14.160 | 167 |
| Kalt vatn | m³ | 1.019 | 11 | 1.108 | 12 | 1.467 | 16 | 1.654 | 19 |
| **Samtals** | | | | | | | | | |
| Rafmagn | kWh | 830.003 | 9.022 | 793.638 | 8.917 | 801.990 | 8.532 | 741.330 | 8.722 |
| Heitt vatn | m³ | 71.093 | 773 | 66.075 | 742 | 32.564 | 346 | 27.688 | 326 |
| Kalt vatn | m³ | 9.103 | 99 | 9.431 | 106 | 9.181 | 98 | 9.266 | 109 |

Rafmagn fyrir hleðslustöð vagna er ekki inni í þessum tölum.

# Slys og tjón

Strætó er umhugað um að tryggja öryggi starfsmanna, farþega og almennings og leggur áherslu á að efla öryggismenningu. Regluleg endurmenntun og fræðsla starfsmanna skiptir þar miklu máli svo vel takist til en um er að ræða langtímaverkefni sem stöðugt þarf að fylgja eftir.

Strætó hefur unnið með VÍS að verkefnum sem miðar að því að auka öryggisvitund starfsmanna og að lágmarka slys og tjón sem hægt er að stýra með beinum hætti.

| Ár | Fjöldi tryggingartjóna | Rétti/ órétti | Upphæð tryggingartjóna (þús. kr) | Fjöldi annarra tjóna | Upphæð annarra tjóna (þús. kr) | Samtals fjöldi tjóna | Heildarkostnaður allra tjóna (þús. kr) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2016 | 100 | 61/39 | 25.660 | 92 | 20.667 | 192 | 46.327 |
| 2017 | 103 | 56/47 | 30.822 | 87 | 17.726 | 190 | 48.548 |
| 2018 | 90 | 40/50 | 20.857 | 124 | 28.234 | 214 | 49.091 |
| 2019 | 85 | 55/33 | 26.465 | 101 | 25.531 | 186 | 51.996 |

Fjöldi og kostnaður aksturstjóna getur verið breytilegur á milli ára og geta ýmsir þættir haft þar áhrif á.

# Vinnuslys

Skráð vinnuslys hjá Strætó á árinu 2019 voru 11. Strætó vill lágmarka slys og sporna við slysahættu hvar sem er í starfsemi fyrirtækisins með fræðslu og forvörnum.

| Ár | Heildarfjöldi vinnuslysa |
|---|---|
| 2016 | 8 |
| 2017 | 13 |
| 2018 | 6 |
| 2019 | 11 |

Skráðum atvikum og slysum á farþegum Strætó hefur farið fækkandi á síðustu árum, en á síðasta ári fjölgaði þeim.

Heildarfjöldi tilkynntra slysa til tryggingafélags fækkaði í 5. Slys sem tilkynnt eru til tryggingafélags teljast þau slys sem sannarlega hafa orðið að máli og teljast mögulega bótaskyld.

Strætó tekur þó á móti tilkynningum og ábendingum um ýmis slys í gegnum ábendingakerfi sitt og fylgir þeim eftir. Heildarfjöldi slysa á síðasta ári að meðtöldum þeim sem tilkynnt voru til tryggingafélags voru 30 talsins.

| Ár | Heildarfjöldi | Fall úr sæti | Árekstur | Í og úr vagni | Hurðaslys | Annað | Þar af til tryggingaf.* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2016 | 36 | 27 | 0 | 3 | 4 | 2 | 26 |
| 2017 | 18 | 3 | 1 | 0 | 5 | 9 | 14 |
| 2018 | 21 | 4 | 1 | 0 | 9 | 7 | 15 |
| 2019 | 30 | 5 | 1 | 1 | 7 | 16 | 5 |

*Atvik tilkynnt til tryggingafélags Strætó bs.





# Ársreikningur 2019





## Greinargerð

| Strætó bs. (mkr) | Raun 2019 | Áætlun 2019 | Breyting | Raun 2018 | Breyting milli ára, rauntölur |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 8.747 | 8.651 | 96 | 8.318 | 429 |
| Rekstrargjöld | ( 8.738) | ( 8.591) | ( 147) | ( 8.393) | ( 345) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | ( 46) | ( 50) | 4 | ( 48) | 2 |
| Rekstrarniðurstaða | ( 37) | 10 | ( 47) | ( 123) | 86 |

## Rekstrarniðurstaða

Afkoma ársins var lakari en áætlun gerði ráð fyrir en betri en útkomuspá fyrir árið 2019 sem birt var samhliða fjárhagsáætlun 2020 (neikvæð um 49 mkr).

Afkoma 2019 var neikvæð um 37 mkr en gert var ráð fyrir að hún yrði jákvæð um 10 mkr í áætlun ársins.

| Tekjur eftir starfs-þáttum (í mkr) | Raun | Áætlun | Mism. |
|---|---|---|---|
| Fargjöld - strætó | 2.074.376 | 2.099.543 | (25.167) |
| Rekstrarframlög eigenda | 3.836.178 | 3.825.818 | 10.360 |
| Ríkisframlag | 887.200 | 905.400 | (18.200) |
| Akstursþjónusta-framlag | 1.633.028 | 1.633.191 | (163) |
| Akstursþjónusta - fargjöld | 98.134 | 97.307 | 827 |
| Aðrar tekjur | 218.309 | 89.791 | 128.518 |
| | **8.747.225** | **8.651.050** | **96.175** |

## Skipting rekstrartekna eftir starfsháttum

Í m kr



Fargjöld jukust um 6,3% milli ára sem er í takt við fjölda farþega á árinu, en þeir jukust um 6,8% samanborið við fyrra ár. Rekstrarframlög eignaraðila samanstanda af sérstökum framlögum sem innheimt eru á grundvelli fjárhagsáætlunar. Því til viðbótar leggja eigendur fram framlag til niðurgreiðslu nemendafargjalda og fargjalda öryrkja og aldraðra.

Rekstrarframlag eignaraðila jókst um 8% milli ára sem skýrist að mestu af auknu þjónustustigi við almenning á árinu 2019. Ríkisframlag er byggt á samningi frá 2012 um aukinn hlut almenningssamgangna í ferðum á höfuðborgarsvæðinu, auknu umferðaröryggi og umhverfisvernd. Samningurinn er til 2022 og felur í sér mánaðarleg framlög af hálfu ríkissjóðs.

Allur beinn kostnaður við akstur fatlaðra og aldraðra umfram fargjöld notanda eru greidd af þeim sveitarfélögum sem eru hluti af þeim samningi. Hækkun var á þeirri þjónustu um 9% sem skýrist af aukningu á notkun þjónustunnar. Aðrar tekjur eru þóknanir Strætó af akstursþjónustu fatlaðra og akstri á landsbyggðinni.

Við gerð áætlunar fyrir árið 2019 var ekki gert ráð fyrir þóknun af akstri Strætó á landsbyggðinni þar sem samningur rann út um áramót 2018. Í upphafi 2019 tók Vegagerðin við akstri á landsbyggðinni sem skýrir að mestu þann mun sem er á milli áætlunar og raun 2019.

Fargjaldatekjur farþega dekka um 31% af almennum rekstrarkostnaði Strætó á höfuðborgarsvæðinu (2017: 30%). Í eigendastefnu Strætó er kveðið á um að stefnt skuli á að hlutfallið sé um 40%. Í samræmi við eigendasamkomulagið vinnur Strætó að því að fargjaldatekjur verði 40% af almennum rekstrarkostnaði.

# Farþegafjöldi

Farþegafjöldi Strætó árið 2019 jókst um tæp 7% frá árinu 2018. Myndirnar sýna annarsvegar uppsafnaðan farþegafjölda 2019 og 2018 og hinsvegar farþegafjölda hvers mánaðar 2019 og 2018.

## Farþegafjöldi – uppsafnað




## Farþegafjöldi – á mánuði



# Rekstrargjöld

| Gjöld eftir starfsþáttum (í mkr) | Raun | Áætlun | Mism. |
|---|---|---|---|
| Eigin akstur strætó | 3.138 | 3.174 | ( 36) |
| Akstur verktaka – strætó | 2.800 | 2.622 | 178 |
| Akskturspjónusta fatlaðra – verktakar | 1.731 | 1.730 | 1 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 791 | 774 | 17 |
| Afskriftir | 278 | 290 | ( 12) |
| | **8.738** | **8.590** | **148** |

Rekstrargjöld 2019 eru í takt við áætlun að undanskildum akstri verktaka Strætó. Rekstrarkostnaður við eigin akstur á höfuðborgarsvæðinu var um 36 mkr undir áætlun eða um 1%, sem skýrist að hluta af minni eigin akstri á móti meiri akstri hjá verktökum.

Á árinu 2019 jókst kostnaður verktaka um 3% sem skýrist af auknum akstri og hækkun verðlags en greiðslur til verktaka breytast í takt við breytingar á verðlagi, þ.e. breytingu á launa-, olíu- og neysluvísitölu. Raunhækkun á olíu var meiri en gert var ráð fyrir við gerð áætlunar 2019.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður er lítilega hærri en áætlun gerði ráð fyrir og vegur nú um tæp 9% af heildarrekstrarkostnaði Strætó (2018: 9%).

# Efnahagur

| Efnahagur (mkr) | 2019 | 2018 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Fastafjármunir | 2.558 | 2.858 | (300) |
| Veltufjármunir án handbærs fjár | 774 | 461 | 313 |
| Handbært fé | 377 | 299 | 78 |
| Eignir samtals | 3.709 | 3.618 | 91 |
| Eigið fé | 1.737 | 1.773 | (36) |
| Langtímaskuldir | 1.001 | 998 | 3 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 26 | 18 | 8 |
| Skammtímaskuldir án næsta árs afborgana | 945 | 830 | 115 |
| **Skuldir samtals** | **1.972** | **1.846** | **126** |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | **3.709** | **3.619** | **90** |

Eigið fé í lok tímabilsins nam um 1.737 mkr samkvæmt efnahagsreikningi og var eiginfjárhlutfallið 47%, en var 49% 2018. Veltufjármunir hækka milli ára um 52% sem skýrir að mestu leyti hækkun krafna við tengda aðila. Helstu eignabreytingar, aðrar en þær sem voru í tengslum við hækkun á veltufjármunum, var sala á fasteign félagsins að Þönglabakka 4 á árinu fyrir 100 mkr.

Fjárfest var fyrir 125 mkr. en Strætó festi kaup á 2 nýjum strætisvögnum á árinu auk tveggja nýrra sendibíla ásamt ýmsum fjárfestingum í innréttingum, áhöldum og tækjum.

| Efnahagur (mkr) | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Eiginfjárhlutfall | 59,3% | 60,9% | 67,0% | 66,0% | 64,2% | 49,0% | 46,8% |
| Arðsemi eigin fjár | 84,5% | 29,6% | 12,3% | 9,5% | 0,5% | -6,9% | -2,1% |
| Veltufjárhlutfall | 2,13 | 2,26 | 1,81 | 1,41 | 1,29 | 0,90 | 1,19 |
| Skuldsetningarhlutfall (langtímaskuldir/eigið fé) | 24,4% | 14,0% | 7,4% | 1,2% | 0,0% | 56,3% | 57,7% |
| Uppgreiðslutími lána | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 30 | 30 |
| Heildarskuldir/rekstrartekjur | 17,1% | 16,3% | 13,8% | 13,1% | 13,7% | 22,2% | 22,6% |
| Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum | 11,4% | 9,5% | 3,0% | 5,0% | 2,6% | 2,2% | 3,1% |
| Framlegð/rekstrartekjum | 11,4% | 9,4% | 2,8% | 4,8% | 2,3% | 2,4% | 3,3% |

# Ársreikningur
# 31. desember 2019



## Skýrsla og áritun stjórnar

Strætó er byggðasamlag og er tilgangur þess að sjá um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Eigendur byggðasamlagsins eru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu; Reykjavík (60,30%), Kópavogur (14,60%), Hafnarfjörður (12,50%), Garðabær (6,24%), Mosfellsbær (4,07%) og Seltjarnarnes (2,29%).

Á árinu 2019 var rekstrartap Strætó 36,9 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi, þar vegur þyngst hækkun á launum og aðkeyptum akstri Strætó.

Á árinu hækkaði handbært fé um 78,3 m.kr. og er handbært fé í lok ársins 377,1 m.kr. Á árinu var einungis fjárfest í tveimur strætisvögnum sem skýrir að hluta hækkun á handbæru fé á árinu.

Eigið fé í lok tímabilsins nam um 1.736,6 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi og var eiginfjárhlutfallið 47%. En að öðru leyti er vísað í skýringu í árseikningi er varða breytingu á eigin fé.

Stjórn og framkvæmdastjóri Strætó bs. staðfesta hér með ársreikning Strætó bs. fyrir árið 2019 með undirskrift sinni.

Reykjavík, 13. mars 2020

Stjórn:

Hjálmar Sveinsson
F.h. Reykjavíkurborgar

Helga Ingólfsdóttir
F.h. Hafnarfjarðarbæjar

Karen Elísabet Halldórsdóttir
F.h. Kópavogsbæjar

F.h. Mosfellsbæjar

Borg Fenger
F.h. Garðabæjar

F.h. Seltjarnarnesbæjar

Framkvæmdastjóri



## Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og eiganda Strætó bs.

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Strætó bs. („félagið") fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð félaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar taka til upplýsinga í ársskýrslu, þó ekki ársreiknings og áritun óháðs endurskoðanda. Álit okkar nær ekki til upplýsinga í ársskýrslu eða annarra upplýsinga sem félagið gefur út. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirlestri á efni ársskýrslunnar og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli hennar og ársreikningsins, hvort upplýsingar í ársskýrslu séu í andstöðu við þær upplýsingar sem við höfum aflað við endurskoðun okkar eða hvort í ársskýrslunni séu verulegar villur.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningsins með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákveðið hafi verið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé ekki virt.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.
- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar félagsins og berum ein ábyrgð á áliti okkar á félaginu.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við lýsum því yfir að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 13. mars 2020

J. Sturla Jónsson

Sturla Jónsson
löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2019

| | Skýr. | Rauntölur 2019 | Rauntölur 2018 | Fjárhagsáætlun 2019 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | 4 | | | |
| Fargjöld | | 2.074.376 | 1.951.996 | 2.099.543 |
| Rekstrarframlög eignaraðila | | 3.836.178 | 3.557.380 | 3.825.818 |
| Ríkisframlag | 27 | 887.200 | 905.400 | 905.400 |
| Akstursþjónusta fatlaðs fólks | 15 | 1.731.162 | 1.593.452 | 1.730.498 |
| Aðrar tekjur | 16 | 218.309 | 310.114 | 89.791 |
| | | 8.747.225 | 8.318.343 | 8.651.050 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Rekstrarsvið | 18 | 5.937.159 | 5.785.400 | 5.795.342 |
| Samrekstur | 19 | 791.063 | 737.521 | 774.850 |
| Akstursþjónusta fatlaðs fólks | 15 | 1.731.162 | 1.593.452 | 1.730.498 |
| | | 8.459.385 | 8.116.374 | 8.300.690 |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði | | 287.840 | 201.969 | 350.360 |
| Afskriftir | 20 | 278.393 | 276.660 | 290.000 |
| Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | 9.447 | ( 74.691) | 60.360 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | 5 | | | |
| Vaxtatekjur | | 7.948 | 15.141 | 9.759 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur | | ( 54.276) | ( 63.371) | ( 60.000) |
| | | ( 46.328) | ( 48.230) | ( 50.241) |
| **Rekstrarniðurstaða** | | ( 36.881) | ( 122.921) | 10.119 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir fastafjármunir: | 7,20 | | |
| Strætisvagnar og önnur ökutæki | | 1.757.548 | 1.904.597 |
| Fasteignir | | 0 | 95.669 |
| Innréttingar, áhöld og tæki | | 88.634 | 99.255 |
| Hugbúnaður | | 14.278 | 33.367 |
| | | 1.860.460 | 2.132.888 |
| **Áhættufjármunir og langtímakröfur** | | | |
| Fyrirframgreitt framlag - Brú lífeyrissjóður | 8,29 | 697.831 | 725.714 |
| | | 697.831 | 725.714 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 2.558.291 | 2.858.602 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | 9,21 | 108.132 | 101.832 |
| Skammtímakröfur: | 10 | | |
| Viðskiptakröfur | 22 | 164.812 | 187.203 |
| Kröfur á tengda aðila | 28 | 418.245 | 121.223 |
| Næsta árs gjaldfærsla - Brú lífeyrissjóður | 8,29 | 27.883 | 27.883 |
| Aðrar skammtímakröfur | 23 | 55.273 | 23.240 |
| Handbært fé | 12 | 377.133 | 298.817 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 1.151.478 | 760.198 |
| **Eignir samtals** | | 3.709.769 | 3.618.800 |

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Framlag eigenda | | 900.018 | 900.018 |
| Óráðstafað eigið fé | | 836.580 | 873.461 |
| **Eigið fé samtals** | 25 | 1.736.598 | 1.773.479 |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Langtímaskuldir | | 1.027.588 | 1.015.451 |
| Næsta árs afborganir | | ( 25.991) | ( 17.684) |
| **Langtímaskuldir samtals** | 11,26 | 1.001.597 | 997.767 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 496.551 | 462.148 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | | 73.933 | 0 |
| Næsta árs afborganir langtímalána | 11,26 | 25.991 | 17.684 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 24 | 375.099 | 367.724 |
| **Skammtímaskuldir samtals** | | 971.575 | 847.555 |
| **Skuldir og skuldbindingar samtals** | | 1.973.172 | 1.845.322 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 3.709.769 | 3.618.800 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2019

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarniðurstaða | | -36.881 | ( 122.921) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 20 | 278.393 | 276.660 |
| Verðbætur og gengismunur | 5 | 26.929 | 29.398 |
| Veltufé frá rekstri | | 268.441 | 183.137 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Birgðir, (hækkun) lækkun | | ( 6.300) | ( 9.716) |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun | | ( 306.664) | ( 6.440) |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | | 115.712 | 47.786 |
| Greitt framlag til Brúar lífeyrissjóðs | 29 | | ( 254.397) |
| Fyrirframgreitt framlag til Brúar lífeyrissjóðs | 29 | 27.883 k | ( 725.714) |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | ( 169.370) | ( 948.480) |
| Handbært fé frá rekstri | | 99.071 k | ( 765.343) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 20 | ( 125.009) | ( 825.402) |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna | | 119.044 | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 5.965) | ( 825.402) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímalána | 26 | ( 14.791) | ( 36.470) |
| Tekin ný langtímalán | 26 | 0 | 999.943 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 14.791) | 963.473 |
| **(Lækkun) hækkun á handbæru fé** | | 78.315 k | ( 627.272) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 298.817 | 926.089 |
| **Handbært fé í lok árs** | | 377.133 | 298.817 |

# Skýringar

1. **Upplýsingar um byggðasamlagið**
Strætó er byggðasamlag í eigu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu; Reykjavík (60,30%), Kópavogur (14,60%), Hafnarfjörður (12,50%), Garðabær (6,24%), Mosfellsbær (4,07%) og Seltjarnarnes (2,29%).

2. **Grundvöllur reikningsskilanna**
Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015.

**Reikningsskilaaðferðir**

3. **Mat og ákvarðanir**

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

4. **Innlausn tekna**
Tekjur af sölu á þjónustu og vöru eru almennt færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Rekstrarframlög eru tekjufærð þegar kröfuréttur hefur myndast.

5. **Verðlags- og gengisviðmið**
Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok tímbils. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

6. **Lotun gjalda**
Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

7. **Varanlegir rekstrarfjármunir**
Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

| | |
|---|---|
| Fasteign | 50 ár |
| Strætisvagnar og önnur ökutæki | 10-13 ár |
| Innréttingar, áhöld og tæki | 3-10 ár |
| Hugbúnaður | 3 ár |

8. **Langtímakrafa - lífeyrissjóður**
Langtímakrafa er vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð, samanber lög nr. 127/2016, sem skiptist í framlag í lífeyrisaukasjóð, sem gjaldfærist á 30 árum og framlag í varúðarsjóð, sem gjaldfærist á 20 árum.

9. **Birgðir**
Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagvirði, sé það lægra

10. **Skammtímakröfur**
Skammtímakröfur eru metnar á nafnverði og hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og eru niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin, að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna, er færð í rekstrarreikning.

11. **Langtímaskuldir**
Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í lok tímabils eins og lánakjör segja til um. Næsta árs afborganir eru færðar meðal skammtímaskulda.

12. **Handbært fé**
Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

## Skýringar

13. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi.

14. Tekjuskattur

Byggðasamlagið er undanþegið tekjuskattsskyldu.

15. Akstursþjónusta fatlaðs fólks

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| **Tekjur** | | |
| Framlag sveitarfélaga | 1.633.028 | 1.502.681 |
| Fargjöld notenda | 98.134 | 90.772 |
| | 1.731.162 | 1.593.452 |
| **Gjöld** | | |
| Aðkeyptur akstur | 1.724.964 | 1.587.439 |
| Laun og launatengd gjöld - aðstoðarfólk í skólaakstri | 6.198 | 6.013 |
| | 1.731.162 | 1.593.452 |

Verktakar annast allan akstur akstursþjónustu fatlaðs fólks. Allur bein kostnaður við akstur umfram fargjöld notenda er greiddur af sveitarfélögum.

16. Aðrar tekjur

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Þóknun - akstursþjónusta fatlaðs fólks | 86.886 | 84.282 |
| Þóknun - landsbyggðin | 94.777 | 101.597 |
| Aðrar tekjur | 36.645 | 124.235 |
| | 218.309 | 310.114 |

17. Laun og launatengd gjöld

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Laun | 2.107.381 | 1.989.862 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | 264.487 | 258.683 |
| Tryggingagjald | 153.481 | 153.150 |
| Önnur launatengd gjöld | 44.702 | 42.699 |
| Gjaldfært framlag til Brúar lífeyrissjóðs | 27.883 | 27.883 |
| Breyting á áunnu, ógreiddu orlofi | 1.463 | ( 1.679) |
| | 2.599.396 | 2.470.597 |
| Meðalfjöldi stöðugilda á árinu | 245 | 250 |

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins námu alls um 39 m.kr. á árinu. Í lok ársins störfuðu 262 starfsmenn hjá Strætó bs.

18. Rekstrarsvið

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 2.066.381 | 1.984.200 |
| Gjaldfært framlag til Brúar lífeyrissjóðs | 22.406 | 22.663 |
| Aðkeyptur akstur | 2.799.557 | 2.708.755 |
| Annar rekstrarkostnaður | 912.402 | 949.695 |
| Húsnæðiskostnaður | 136.414 | 120.087 |
| | 5.937.159 | 5.785.400 |

Undir rekstrarsvið heyrir allur rekstur almenningsvagna á höfuðborgarsvæðinu, þar með talið, flotastýring, verkstæði og þvottastöð.

19. Samrekstur

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 498.934 | 452.501 |
| Gjaldfært framlag til Brúar lífeyrissjóðs | 5.477 | 5.220 |
| Annar rekstrarkostnaður | 286.653 | 279.800 |
| | 791.063 | 737.521 |

Undir samrekstur heyrir skrifstofu- og stjórnunarkostnaður, þar með talið þjónustuver sem þjónar bæði akstursþjónustu fatlaðs fólks og farþegum strætó.

## Skýringar

20. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Strætisvagnar og önnur ökutæki | Fasteignir | Innréttingar, áhöld og tæki | Hugbúnaður | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2019 | 3.559.894 | 120.773 | 274.929 | 91.721 | 4.047.317 |
| Afskrifað áður | ( 1.655.297) | ( 25.105) | ( 175.673) | ( 58.353) | ( 1.914.428) |
| Bókfært verð 1.1 2019 | 1.904.597 | 95.668 | 99.255 | 33.368 | 2.132.888 |
| Viðbót | 81.472 | 0 | 43.536 | 0 | 125.009 |
| Selt/ fært út og niðurlagt | ( 22.948) | ( 95.668) | ( 428) | 0 | ( 119.044) |
| Afskrift | ( 205.574) | 0 | ( 53.729) | ( 19.090) | ( 278.393) |
| Bókfært verð 31.12.2019 | 1.757.548 | 0 | 88.634 | 14.278 | 1.860.460 |
| Afskriftahlutföll | 8-13% | 2% | 10-33% | 33% | |

Vátryggingaverðmæti áhalda og tækja er samtals um 240,5 m.kr.

Vátryggingaverðmæti strætisvagna og annara ökutækja er samtals um 1.841,3 m.kr.

21. Birgðir

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Olía | 11.703 | 10.088 |
| Varahlutir | 106.428 | 101.744 |
| Niðurfærsla birgða | ( 10.000) | ( 10.000) |
| | 108.132 | 101.832 |
| Vátryggingaverðmæti birgða | 110.000 | 110.000 |

22. Viðskiptakröfur

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Viðskiptamenn | 90.771 | 151.080 |
| Viðskiptamenn - akstursþjónusta fatlaðs fólks | 21.215 | 19.125 |
| Greiðslukortafyrirtæki og aðrar skammtímakröfur | 77.226 | 64.498 |
| Varúðarfærsla viðskiptakrafna | ( 24.400) | ( 47.500) |
| | 164.812 | 187.203 |

23. Aðrar skammtímakröfur

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður og fjárfestingar | 47.474 | 16.043 |
| Endurgreiðsla virðisaukaskatts | 7.799 | 7.196 |
| | 55.273 | 23.240 |

24. Aðrar skammtímaskuldir

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Áunnið ógreitt orlof | 138.074 | 136.360 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 157.230 | 147.956 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 79.794 | 83.407 |
| | 375.099 | 367.724 |

# Skýringar

25. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Eiginfjárframlag rekstraraðila | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2019 | 900.018 | 873.460 | 1.773.479 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | | ( 36.881.008) | ( 36.881.008) |
| Staða 31.12 2019 | 900.018 | 836.579 | 1.736.598 |

| | Eignarhlutur | | | |
|---|---|---|---|---|
| Garðabær | 6,24% | 56.161 | 52.203 | 108.364 |
| Hafnarfjörður | 12,50% | 112.502 | 104.572 | 217.075 |
| Kópavogur | 14,60% | 131.403 | 122.141 | 253.543 |
| Mosfellsbær | 4,07% | 36.631 | 34.049 | 70.680 |
| Reykjavík | 60,30% | 542.711 | 504.457 | 1.047.168 |
| Seltjarnarnes | 2,29% | 20.610 | 19.158 | 39.768 |
| | 100,00% | 900.018 | 836.579 | 1.736.598 |

26. Langtímaskuldir

| | Vextir | 2019 |
|---|---|---|
| Lánasjóður sveitarfélaga, verðtryggt | 2,50-2,57% | 1.027.588 |
| | | 1.027.588 |

Afborganir langtímaskulda á næstu árum:

| | |
|---|---|
| 2019 | 25.991 |
| 2020 | 36.962 |
| 2021 | 37.371 |
| 2022 | 37.791 |
| 2023 | 37.601 |
| Síðar | 851.873 |
| | 1.027.588 |

27. Ríkisframlag

Í maí 2012 var áritaður samstarfssamningur milli ríkissjóðs og eigenda Strætó bs. og eru markmið og tilgangur samningsins m.a. eftirfarandi:

- Að amk tvöfalda hlutdeild almenningssamgangna í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgarsvæðinu
- Að vinna að lækkun á samgöngukostnaði heimila og samfélagsins vegna umferðar og slysa
- Að stuðla að auknu umferðaröryggi
- Að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda í samgöngum á höfuðborgarsvæðinu

Til að ná fram markmiðum samningsins mun Strætó bs. fá mánaðarlegt framlag frá ríkissjóði fram til ársins 2022.

28. Tengdir aðilar

*Skilgreining á tengdum aðilum*

Eignaraðilar og félög tengd þeim, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Hluti af þeim aðilum sem skilgreindir eru sem tengdir aðilar eiga almenn viðskipti við félagið. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg við það sem gerist í viðskiptum við ótengda aðila og eru þessi viðskipti því flokkuð sem slík.

Í júní 2019 seldi Strætó fasteign að Pönglabakka 4 til Félagsbústa hf að andvirði 100 m.kr.

29. Uppgjör við Brú lífeyrissjóð

Fyrirframgreitt framlag til Brúar lífeyrissjóð er tilkomið vegna lagabreytingu frá árinu 2017 þar sem breytingar voru gerðar á réttindaávinnslu A-deildar Brúar lífeyrissjóðs. Áhrif lagabreytingarinnar voru m.a. að Strætó þurfti að greiða inn til Brúar lífeyrissjóðs allar áfallnar lífeyrisskuldbindingar í A-deild sjóðsins vegna sjóðfélaga m.v. 31. maí 2017 og áætluð framlög í lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð vegna sömu sjóðfélaga. Heildarframlag Strætó í Brú lífeyrissjóð var 1.035,9 m.kr. og var það greitt 1. mars 2018. Sræto nýtti sér heimildarákvæði í reglugerð 1212/2015 þess efnis að fyrirframgreiðsla í lífeyrisaukasjóð sé gjaldfærð með jöfnum fjárhæðum á 30 árum og framlagið í varúðarsjóð með jöfnum fjárhæðum á 20 árum. Eignfærð framlög eru gjaldfærð í samræmi við framangreint ákvæði.

Gjaldfærsla á árinu 2019 nam samtals 27,9 m.kr. (2018: 27,9 m.kr.)



# Skýringar

30. Önnur mál

Aðili sem ekki var samið við eftir útboð á akstri á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2010, höfðaði máli á hendur Strætó bs. þar sem krafist var viðurkenningar á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintrar ólögmætrar og saknæmrar háttsemi við framkvæmd útboðsins. Dómur í málinu var kveðinn upp í Hæstarétti Íslands 1. júní 2017, þar sem dómur Héraðsdóms var staðfestur, þ.e. réttur stefnanda til skaðabóta úr hendi stefnda vegna missis hagnaðar og kostnaðar vegna þátttöku í forvali var viðurkenndur. Gjaldfærð hefur verið varúðarfærsla vegna framangreinds máls.

Nokkrir rammasamningshafar í akstursþjónustu fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna hafa kært Strætó til kærunefndar útboðsmála. Í málinu var þess krafist að kærunefndin láti í ljós álit sitt á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintra brota gegn skilmálum rammasamnings við framkvæmd akstursþjónustunnar. Kærunefnd útboðsmála úrskurðaði 21. júní 2016 að Strætó hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt rammasamningi við forgangsröðun rammasamningshafa við framkvæmd akstursþjónustunnar og kaup á akstursþjónustu af aðilum utan rammasamnings. Lét kærunefndin í ljós það álit að Strætó væri skaðabótaskylt gagnvart kærendum, en engin afstaða var tekin til umfangs hugsanlegs fjártjóns kærenda.

Í febrúar 2019, barst Strætó bs. stefnur frá tveimur rammasamningshöfum sem telja að á þeim hafi verið brotið við framkvæmd akstursþjónustunnar. Strætó hefur falið lögmanni sínum að taka til varna.

BESTA
LEIÐIN

